

Ár 2013, fimmtudaginn 17. október kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Nefndasviði Alþingis frá 11. október 2013.

Með bréfinu fylgdi tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.

Bæjarráð tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í þingsályktuninni að eðlilegast væri að leikskóli tæki við strax að loknu fæðingarorlofi. Aftur á móti leggur bæjarráð áherslu á að leikskólar eru á forræði sveitarfélaganna sem bera allan kostnað af rekstri þeirra og því þurfa fjármunir að fylgja öllum lagabreytingum sem lúta að aukinni þjónustu.

1.2. Landsbyggðin lifi frá 2. október 2013.

Í bréfinu er óskað eftir styrk vegna samtakanna Landsbyggðin lifi að upphæð kr. 100.000.-.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

1.3. Smiðjudögum Skáta frá 4. október 2013.

Í bréfinu er óskað eftir stuðningi bæjarins við verkefnið en smiðjudagar verða haldnir í Hveragerði helgina 18. til 20. október.

Bæjarráð lýsir yfir ánægju sinni með að Smiðjudagar skuli vera haldnir hér í Hveragerði. Samþykkt er að mótssetning fari fram í Sundlauginni Laugaskarði eftir lokun næstkomandi föstudagskvöld og að mótsgestir fái endurgjaldslaus afnot af skólahúsnæðinu. Beiðni um styrk vegna kvöldverðar er hafnað.

1.4. Listvinafélagi Hveragerðis ódagsett.

Í bréfinu óska bréfritarar eftir stuðningi Hveragerðisbæjar við útgáfu bæklinga um Listamannabæinn Hveragerði á ensku.

Bæjarráð vísar erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar.

2. Tæknileg málefni:

2.1. Minnisblað vegna skólaþjónustu í Árneshöfði utan Árborgar frá 14. október 2013.

Lagt fram minnisblað frá nefnd oddvita og sveitarstjóra (NOS) vegna skólaþjónustu í Árneshöfði utan Árborgar.

Bæjarráð samþykkir að Hveragerðisbær verði aðili að Skólaþjónustu Árneshöfðs að því tilskyldu að önnur sveitarfélög samþykki einnig þátttöku.

Bæjarráð samþykkir ennfremur eftirfarandi:

- að auglýst verði eftir 2 kennsluráðgjöfum (leik- og grunnskóla) og einum sálfræðingi.
- Samningur um velferðarþjónustu verði endurskoðaður og skólaþjónustan samþætt þar inn.
- Endanlegar starfslýsingar fyrir starfsmenn verði útbúnar.
- Undirbúinn fundur með sveitarstjórnarmönnum og skólastjórnendum um stefnumörkun skólaþjónustunnar. Fundurinn verði haldinn í lok nóvember
- Undirbúningur að árslöngu námskeiði fyrir skólastjórnendur verði hafinn.

2.2. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa v/ tenniskynningar í Hamarshöll frá 14. október 2013.

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa þar sem rætt er um tenniskynningu í Hamarshöll fyrir börn og fullorðna sem Tennissamband Íslands ætlar að vera með. Kynningin verði í lok október.

Bæjarráð fagnar kynningunni og samþykkir að Tennissambandið fái frí afnot af íþróttagólfinu til kynningarinnar þar sem kynningin er þátttakendum að kostnaðarlausu.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun v/ fjárfestinga frá 15. október 2013.

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna kaupa á byggingarrétti á lóðinni Austurmörk 24 kr. 10. mkr. Kaupverð verði greitt 2 mkr með lækkun handbærs fé og 8 mkr. hækkun skammtímaskulda.

Breytingar á áætluðum rekstrar og efnahagsreikningi samstæðu er eftirfarandi.

Rekstrarreikningur:

Hækkun afskrifta kr 125 þús

Alls hækkun á rekstrarliðum kr 125 þús.

Efnahagsreikningur:

Hækkun á fastafjármunum kr 9.875 þús.

Lækkun á handbæru fé kr. 2.000 þús.

Lækkun á eigið fé kr 125 þús.

Hækkun á skammtíma skuldum kr 8.000 þús.

Bæjarráð samþykkir viðaukann.

3.2. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa v/ hitabúnaðar í sundlaug frá 15. október 2013.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa vegna endurnýjunar á varmaskipti í sundlaug.

Bæjarráð samþykkir tillögu skipulags- og byggingarfulltrúa en kostnaðurinn rúmast innan áætlunar á fjárfestingar í sundlauginni.

3.3. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa v/ gólfefna í sundlaugarhúsi frá 10. október 2013.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa vegna viðhalds og endurnýjunar gólfefna á æfingasal og tækjasal í sundlaugarhúsinu.

Bæjarráð samþykkir tillögu skipulags- og byggingarfulltrúa en kostnaðurinn rúmast innan áætlunar á viðhald í sundlauginni.

3.4. **Verðkönnun – Upphækkuð gangbrautarþverun á Heiðmörk vestan við Laufskóga frá 10. október 2013.**

Opnun tilboða í verðkönnun á upphækkaðri gangbrautarþverun á Heiðmörk vestan við Laufskóga fór fram 10. október 2013. Alls bárust 2 tilboð.

Bjóðendur	Tilboðsfjárhæð.
Garpar ehf	1.203.800.-
Ræktunarmiðstöðin sf	982.500.-
Áætlun tæknideildar	701.500.-

Bæjarráð samþykkir að hafna báðum tilboðunum.

4. **Fundargerðir til kynningar:**

- 4.1. **Lögreglustjóranum á Selfossi frá 27. september 2013.**
- 4.2. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 27. september 2013.**
- 4.3. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 27. september 2013.**
- 4.4. **Sorpstöðvar Suðurlands frá 16. september og 1. október 2013.**
- 4.5. **Héraðsnefnd Árnesinga bs. frá 1. október 2013**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:43

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)